

## Svar við fyrirspurn nefndarmanns um afgreiðslu ofbeldismála innan HSV.

**Til** : Hafdís Gunnarsdóttir;  
**Frá** : Dagný Finnbjörnsdóttir <hsv@hsv.is>  
**Heiti** : Svar við fyrirspurn nefndarmanns um afgreiðslu ofbeldismála innan HSV.  
**Málsnúmer** : 2021090002  
**Málsaðili** : Héraðssamband Vestfirðinga  
**Skráð dags** : 12.10.2021 11:36:40  
**Höfundur** : Dagný Finnbjörnsdóttir <hsv@hsv.is>

Viðhengi [image001.png](#)[image001.png](#)

### **Og því langar mig að vita hvort ofbeldismál hafi komið inn á borð HSV og ef svo hvernig var brugðist við og er það verklag sem notast verður við áfram eða mun það breytast í ljósi umræðna í samfélaginu síðustu vikurnar?**

Það hefur ekkert ofbeldismál verið tilkynnt til HSV. Stjórn hefur fundað sérstaklega vegna umræðna í samfélaginu og fór sérstaklega yfir viðbragðsáætlun. Hér fyrir neðan er hægt að lesa samantekt sjórnar.

### **Hvernig er tekið á ofbeldismálum hjá íþróttahreyfingunni innan HSV? Er einhver viðbragðsáætlun til?**

HSV er með viðbragðsáætlun sem tekur yfir ofbeldismál. Viðbragðsáætlun er hægt að finna hér

[https://hsv.is/stefnur\\_og\\_aetlanir/hsv/skra/349/](https://hsv.is/stefnur_og_aetlanir/hsv/skra/349/) .

Viðbragðsáætlun þessi greinir ítarlega frá því hvernig skuli bregðast við ofbeldi af öllu tagi sem og óæskilega hegðun. Þessi viðbragðsáætlun var unnin í tengslum við vinnu HSV að gerast fyrirmyndarhérað og var samþykkt af aðildafélögum HSV á ársþingi þess.

### **Ef tilkynning berst til HSV um að liðsmaður eins íþróttafélags beiti manneskju ofbeldi, hvort sem það er innan eða utan vallar, hefur það einhverjar afleiðingar fyrir leikmanninn og/eða liðið hans?**

HSV er með skýra afstöðu gagnvart ofbeldismálum af hvaða tagi sem er, það er ekki liðið innan okkar raða. Allir eiga rétt á því að komið sé fram við þá af virðingu. Einelti, kynferðisleg og kynbundin áreitni og ofbeldi, í hvaða mynd sem það birtist, má ekki viðgangast. Það er á ábyrgð okkar allra að fyrirbyggja og bregðast við slíkri hegðun.

HSV getur þó ekki gripið inn í mál sem ekki berst formlega til HSV og því hefur HSV ítrekað það til aðildarfélaga að alltaf beri að tilkynna allt ofbeldi, sama af hvaða tegund það er.

Rétt verkferli er að ábyrgðaraðili kemur tilkynningu til stjórnar eða félags, félagið kemur ábendingu til HSV og HSV vinnur málið áfram í samráði við Fagráð Æskulýðsvettvangs.

Berist tilkynning er lögð mikil áhersla á það innan Æskulýðsvettvangs að koma málinu úr höndum heimamanna og að þau séu ekki unnin á heimavelli vegna mikilla hagsmunatengsla. Viðbragðsáætlun HSV og viðbragðsáætlanir innan ÍSÍ og UMFÍ miða mikið að barna og unglिंगastarfi og hvernig bregðast skuli við.

Hafi hins vegar leikmaður eldri en 18 ára verið ásakaður um ofbeldi utan hreyfingarinnar eru ekki til neinar leiðbeiningar og reglur þar að varðandi og hefur íþróttahreyfingin í raun engar heimildir til að bregðast við á nokkurn hátt en það er nú til skoðunar hjá ÍSÍ og mun HSV að sjálfsögðu fylga þeim reglum.

### **Frá stjórn til íþróttafélaga HSV.**

Komið þið sæl

Stjórn HSV vill minna stjórnir og starfsmenn aðildarfélaga, iðkendur, þjálfara, leikmenn og aðra sem koma að starfi innan héraðssambandsins að við sem félag tökum skýra afstöðu gegn ofbeldismálum af hvaða tagi sem þau eru. Allir eiga rétt á því að komið sé fram við þá af virðingu. Einelti, kynferðisleg og kynbundin áreitni og ofbeldi, í hvaða mynd sem það birtist, viðgengst ekki. Það er á ábyrgð okkar allra að fyrirbyggja og bregðast við slíkri hegðun og að öll berum við ábyrgð.

**Til að bregðast við ofbeldi að hvaða tagi sem er er mikilvægt að tilkynna það.**

Við viljum hvetja aðildarfélög til að kynna sér vel þær upplýsingar sem liggja fyrir á vegum ÍSÍ, fyrir hönd íþróttahreyfingarinnar, um kynferðislega áreitni og ofbeldi og einnig upplýsingar um samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs

<https://isi.is/fraedsla/kynferdisleg-areitni-og-ofbeldi/>

Þá er HSV með viðbragðsáætlun sem aðildarfélagar samþykktu á ársþingi en hana má finna á heimasíðu HSV.

[https://hsv.is/stefnur\\_og\\_aetlanir/hsv/skra/349/](https://hsv.is/stefnur_og_aetlanir/hsv/skra/349/)

Þar er einnig að siðareglur HSV sem samþykktar voru af aðildarfélögum á þingi.

[https://hsv.is/stefnur\\_og\\_aetlanir/hsv/skra/363/](https://hsv.is/stefnur_og_aetlanir/hsv/skra/363/)

Mikilvægt er að aðildarfélög séu meðvituð um þessar reglur og áætlanir og nýti sér í sínu starfi.

HSV er jafnframt aðili að UMFÍ og hefur þar aðgang að Æskulýðsvettvangnum og nýtir sér

viðbragðsáætlun hans. [Æskulýðsvettvangurinn - Viðbragðsáætlun 2018-2020 \(webflow.com\)](#)

Hægt er að fara inn á þessa slóð hjá æskulýðsvettvangi og tilkynna þar kynferðisbrot, einelti eða aðra óæskilega hegðun. [Tilkynna einelti eða aðra óæskilega hegðun \(aev.is\)](#). Öllum tilkynningum er tekið alvarlega og þeim komið í réttan farveg.

Allir sem sækja skipulagðar æfingar eða félagsstarf á landinu geta leitað til samskiptaráðgjafa varðandi einelti eða ofbeldi sem þeir telja sig hafa orðið fyrir í sínu íþróttá- eða æskulýðsstarfi. Markmið með starfsemi Samskiptaráðgjafa er að stuðla að því að íþróttá- og æskulýðsstarf fari fram í öruggu umhverfi og að börn, unglingar og fullorðnir, óháð kynferði eða stöðu að öðru leyti, geti stundað íþróttir eða æskulýðsstarf og leitað sér aðstoðar eða leitað réttar síns vegna atvika og misgerða sem eiga sér stað án þess að þurfa að óttast afleiðingar. [Tilkynningaform | Samskiptaráðgjafi | Íþróttá- og æskulýðsstarf \(samskiptaradgjafi.is\)](#)

*Með góðri kveðju,*

**Dagný Finnbjörnsdóttir**

**Framkvæmdastjóri HSV**

Héraðssamband Vestfirðinga

Suðurgötu 12

400 Ísafjörður

Sími 865-7161

[www.hsv.is](http://www.hsv.is)